



# Hugsanir barna um líf og dauða

Ísold E. Davíðsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs

Uppeldis- og menntunarfræðideild



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ



# Hugsanir barna um líf og dauða

Ísold E. Davíðsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í uppeldis- og menntunarfræði

Leiðbeinandi: Gunnar Finnbogason

Uppeldis- og menntunarfræðideild  
Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2015

Hugsanir barna um líf og dauða

Ritgerð þessi er 14 eininga lokaverkefni til BA-prófs  
í uppeldis- og menntunarfræði við uppeldis- og  
menntunarfræðideild  
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Ísold E. Davíðsdóttir, 2015

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi  
höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, 2015

## Ágrip

Ritgerð þessi fjallar um hvernig börn skilja dauðann á mismunandi hátt eftir þroska þeirra og hvernig þessi skilningur þróast með aldrinum. Hér felst skilningur á dauðanum í því að skilja að það er alltaf eitthvað líkamlegt sem veldur dauðanum og þegar það gerist virkar líkaminn ekki auk þess sem dauðinn er óhjákvæmilegur og endanlegur. Þegar börn hafa náð þessum þáttum og sjá dauðann sem óhlutstæðan hafa þau náð skilningi á dauðanum. Smábörn sjá líf og dauða ekki endilega sem andstæður. Þau halda að hlutir geti verið mis lifandi og fyrir þeim býr allt í umhverfi þeirra yfir lífi og því hafa þau mjög takmarkaðan skilning á dauðanum. Á milli sex og níu ára er algengt að börn búi sér til persónugerving fyrir dauðann sem þau nýta til að þróa skilning sinn. Á milli níu og tólf ára aldurs tekur dauðaskilningurinn stökk og það má segja að skilningur þeirra fullmótist á þeim tíma. Unglingar sjá dauðann sem óhlutstætt náttúrulögmál eða ferli sem allir þurfa að fylgja og velta dauðanum mikið fyrir sér í trúarlegu samhengi og þá sérstaklega í sambandi við eftirlífið eða tilgang lífsins.

## Efnisyfirlit

<b>Ágrip (útdráttur)</b> .....	<b>3</b>
<b>Formáli</b> .....	<b>5</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>6</b>
<b>2 Ung börn (frá fæðingu til sex ára aldurs)</b> .....	<b>10</b>
2.1 Vitsmunabroski ungra barna .....	10
2.2 Fyrsta reynsla .....	12
2.3 Lífhbyggja .....	14
2.4 Hugunarháttur ungra barna.....	15
2.5 Dauðinn afturkallanlegur .....	17
2.6 Elli og dauði .....	19
2.6 Eftirlífið .....	20
<b>3 Miðbarnæska (sex til tólf ára)</b> .....	<b>22</b>
3.1 Vitsmunabroski sex til tólf ára barna .....	22
3.2 Persónugervingur dauðans .....	24
3.3 Skilningur fullmótast.....	24
3.4 Dauðanum storkað.....	27
<b>4 Unglingar (tólf til nítján ára)</b> .....	<b>27</b>
4.1 Vitsmunabroski unglunga.....	27
4.2 Hugsanir unglunga um dauðann .....	28
4.3 Sjálfhverfa unglunga .....	30
4.4 Trú á guð og hið yfirnáttúrulega .....	32
<b>5 Niðurstöður</b> .....	<b>33</b>
<b>5 Lokaorð</b> .....	<b>34</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>35</b>

## Formáli

Þessi ritgerð á sér talsvert langan aðdraganda. Að henni voru lögð fyrstu drög í nýhöfnu fæðingarorlofi, og er henni er skilað er frumburðurinn farinn að ganga um og tala, 18 mánuðum síðar. Það sem dró mig í uppeldis- og menntunarfræði til að byrja með var áhugi á barnshuganum og þroskaferli hans, og ómetanleg reynsla hefur verið að fylgjast með í rauntíma dóttur minni stækka og þroskast, þó að ritgerðarskrifin hafi ef til vill dregist aðeins á langinn. Að vinna hægt og bítandi með hléum reyndist henta mér ágætlega.

Ég þakka unnusta mínum Þorsteini Valdimarssyni sérstaklega fyrir ómetanlegt framlag í þabbadeildinni þegar á reyndi. Einnig vil ég þakka föður mínum Davíð Þór Jónssyni fyrir gagnlegan yfirllestur. Þá þakka ég leiðsögukenndara mínum, Gunnari Finnbogasyni fyrir gott og greitt samstarf.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, \_\_\_\_\_.\_\_\_\_\_ 20\_\_

---

---

## Inngangur

„Til himins upp hann afi fór,

en ekkert þar hann sér.

Því gleraugunum gleymdi hann

Í glugganum hjá mér.”

„Ó, flýtt þér, mamma, og færðu mig

í fína kjólinn minn.

Svo verð ég eins og engilbarn,

fer upp í himininn.”

„Og reistu stóran stigann upp

og styð við himininn.

Svo geng ég upp með gleraugun,

Sem gleymdi afi minn.”

(Sig. Júlíus Jóhannesson, 1984)

Svo hljómar fyrsta og tvö síðustu erindi í skemmtilegri vísu, sem Sigurður Júlíus Jóhannesson (1984) þýddi, og nær svo vel hugsunarhætti barna varðandi dauðann. Þeir sem hafa umgengist börn hafa ef til vill heyrt þau ræða á milli sín hvar kisi sé niður kominn eftir hann varð fyrir bíl eða séð þau leika sér í leikjum þar sem einhver deyr og lifnar aftur við. Börn á öllum aldri velta dauðanum mikið fyrir sér, enda er hann áhugavert hugtak og snertir okkur öll, en þau gera sér mis vel grein fyrir honum eftir aldri og þroska. Á einhverjum tímapunkti í barnæsku okkar



gerum við okkur þó grein fyrir þeirri óhjákvæmlegu staðreynd að við munum einn daginn verða dauðanum að bráð. Þetta er stór og ógnvekjandi uppgvötun. Ég persónulega man eftir þessu augnabliki í barnæsku minni og öll lífssýn mín breyttist. Ég, eins og flestir aðrir, sætti mig við þessa staðreynd að lokum og lærði að lifa með henni. Ég man þó ekki hverjar hugmyndir mínar um dauðann voru fyrir þessa uppgvötun mína en ég hef heyrt lítil börn ræða um dauðann á sama hátt og stúlkan í ljóðinu hér að ofan. Þessi stúlka á augljóslega langt í land með að gera sér fulla grein fyrir dauðanum. En hversu langt? Hvað felur skilningur um dauðann í sér? Hver er skilningur barna á dauðanum með hliðsjón af þroska þeirra og aldri? Dýpkar skilningur barna á dauðanum með aldrinum og ef svo er hvernig lýsir þetta ferli sér? Þetta eru helstu spurningarnar sem ég spurði mig við vinnslu þessarar ritgerðar. Til viðbótar fannst mér forvitnilegt hvort að öll börn gengu í gegnum sama ferli eða bakgrunnur þeirra og trú skipti máli.

Þetta er mikilvægt viðfangsefni vegna þess að öll börn velta dauðanum fyrir sér, það er mikilvægur partur af þroskaferli þeirra og þau þurfa að fá tækifæri til að tjá sig, spyrja um dauðann til þess að móta skilning sinn. Foreldrar, kennarar og aðrir aðstandendur barna ættu því að vera meðvitaðir og gefa þeim þessi tækifæri og svara spurningum þeirra eftir bestu getu. Það hjálpar barninu í þroskaferlinu og að ná fullum skilningi á dauðanum og að taka hann í sátt. Þegar kemur að missi þurfa aðstandendur einnig að gera sér grein fyrir því hver skilningur barnsins er á dauðanum til þess að geta komið til móts við það. Kennarar og aðrir starfsmenn uppeldisstofnana ættu því að kynna sér hvernig skilningur á dauðanum mótast og hvaða skilning hver aldurshópur hefur, sérstaklega sá aldurshópur sem þeir starfa með. Þannig er hægt að styðja börnin með dauðaskilninginn og bregðast sem best við þegar kemur að missi.

Þetta er fyrst og fremst heimildaritgerð. Þó að ég hefði viljað gera rannsókn hentaði það ekki sem BA verkefni þar sem þetta er viðkvæmt efni sem ég fjalla um og einnig viðkvæmur hópur. Það er hinsvegar til mikið af fjölbreyttum rannsóknum um þetta efni. Skilningur barna á dauðanum hefur lengi verið rannsakaður af fræðimönnum um allan heim enda er hann mikilvægt viðfangsefni, eins og áður hefur komið fram. Við vinnslu þessarar ritgerðar nýtti ég mér þessar rannsóknir auk nokkurra bóka og greina eftir uppeldisfræðinga og aðra fræðimenn.

Niðurstöður þessara rannsókna gefa nokkuð skýra mynd af hugsunarhætti og skilningi barna á mismunandi þroskastigum. Þær gáfu flestar sömu niðurstöðurnar eða mjög svipaðar og skárust sárasjaldan hver á aðra sem er áhugavert í ljósi þess að þær eru mis gamlar og gerðar með börnum víðsvegar á hnettinum. Fræðimenn eru nokkuð sammála hvað skilningur á dauðanum felur í sér og virðist því vera frekar almennt fyrirbæri. Hér að neðan mun ég taka saman þær upplýsingar sem ég hef aflað mér í gegnum mismunandi rannsóknir, fræðibækur og greinar í þeim tilgangi að rekja það ferli að skilja dauðann og gera grein fyrir því í hverju það felst.

Til þess að setja sig inní hugarheim barna þurfum við að átta okkur á hvar þau standa í vitsmunaproska á hverju aldurskeiði fyrir sig. Í þeim tilgangi notast ég mikið við kenningar Piagets (Battro, 1973). Ástæðan fyrir því að ég notast við kenningar Piagets er sú að niðurstöður mínar leiða í ljós að skilningur barna á dauðanum helst í hendur við vitsmunaproska þeirra og börn lýsa dauðanum á hverju þroskastigi fyrir sig á sambærilegan hátt og Piaget lýsti hugsunarhætti hvers aldurstigs (Yang og Chen, 2002 og Tamm og Granqvist, 1995). Ein af hans frægustu kenningum er sú að frá fæðingu fram á fullorðinsár gangi börn í gegnum fjögur þroskastig. Þau eru; skynhreyfistig, foraðgerðarstig, stig hlutbundinna aðgerða og stig formlegra aðgerða. Mismunandi hugsunarháttur einkennir hvert þroskastig og myndar hugmyndir þeirra um heiminn, þar með talið um dauðann. Með hliðsjón af þroskastigunum fjórum ákvað ég að skipta þessari ritgerð í kafla, einn fyrir hvert þroskastig. Ég ákvað þó að hafa meginkaflana þrjá en ekki fjóra. Ástæðan fyrir því er sú að á fyrsta skeiðinu, skynhreyfistiginu, sem varir um það bil frá fæðingu til tveggja ára aldurs, velta börn dauðanum lítið fyrir sér og því þroskast skilningur þeirra á honum lítið á þeim aldri. Ég sló því fyrstu tveimur stigunum saman í einn kafla. Kaflarnir þrír ná þannig yfir jafn langan tíma á æviskeiðinu, eða um sex ár hver. Fyrsti kaflinn nær því yfir fyrstu tvö stig Piagets og fjallar því um ung börn, eða börn frá sirka til sirka sex ára aldurs. Næsti kalfi fjallar um miðbarnæsku (sirka sex – tólf ára) og svo enda ég á að fjalla um unglingana (um það bil tólf til nítján ára).

Áður en hafist er handa við að fjalla um skilning á dauðanum er mikilvægt að skilgreina hvað ég á við þegar ég tala um skilning á dauðanum vegna þess að

Það skilur þetta hugtak enginn almennilega hvorki börn né fullorðnir. Við sem fullorðin erum höfum það fram yfir ung börn að við vitum nokkrar staðreyndir um dauðann sem þau eiga enn eftir að átta sig á. Þeir fræðimenn sem hafa rannsakað þetta viðfangsefni eru flestir sammála um það að skilningur á dauðanum er fjórþættur.

Í fyrsta lagi vitum við að dauðinn er óhjákvæmilegur hluti af lífinu og gildir því yfir allar lifandi verur. Fyrir ung börn er þetta erfiður biti að kyngja vegna þess að þegar þessum skilningi er náð vita þau að þau munu sjálf deyja einn daginn og einnig allir sem þau þekkja (Speece, 1995).

Í öðru lagi vitum við að dauðinn er endanlegur. Þegar einhver deyr þá kemur hann ekki aftur. Þetta er erfiðasti parturinn að gera sér grein fyrir því það er mögulegt að lifna aftur við ef einstaklingur hefur verið dáinn í mjög stuttan tíma. En það breytir því ekki að jafnvel þótt einhver lifni við þá mun hann einhvern tímann deyja aftur, enginn lifir að eilífu (Speece, 1995). Uppalendur eiga það til að flækja þetta atriði þegar kemur að því að útskýra dauðann fyrir ungum börnum. Þegar einhver nákominn deyr er algengt að börnum sé sagt að hann sé „farinn“ eða sé „sofandi“. Þegar það er gert halda börn í vonina að sá látni gæti komið aftur eða vaknað og reiðast honum síðan þegar hann gerir það ekki. Teiknimyndir gætu einnig orsakað misskilning hvað varðar þetta atriði, þar sem þar er ekki óalgengt að hetjan eða einhver nákominn hetjunni deyji og lifni aftur við eða komi aftur í formi anda (Cox, Garrett og Graham, 2005).

Í þriðja lagi vitum við að þegar einhver deyr þá virkar líkaminn ekki. Dáinn maður getur ekki gengið, talað, borðað, hugsað né fundið til. Hér má þó rökræða að margir trúa því að við taki eitthvert eftirlíf þar sem dánir einstaklingar taka á sig form þar sem þeir eru færir um eiginleika eins og að hugsa eða elska (Speece, 1995). Slíkar hugmyndir er ekki síður að finna hjá fullorðnum og geta borist frá þeim til barna.

Í fjórða lagi er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að það er alltaf eitthvað sem orsakar dauðann. Eitthvað kemur fyrir líkamann sem veldur því að hann virkar ekki lengur og manneskjan deyr (Speece, 1995).

Þessi fjögur atriði eru einu staðreyndirnar sem við vitum um dauðann. Þegar hér er talað um fullan skilning á dauðanum er átt við að einstaklingurinn geri

sér grein fyrir þessum fjórum þáttum. Ég mun rekja þroskaferlið frá fæðingu fram á fullorðinsár og reyna að gera grein fyrir því hvernig börn öðlast þennan skilning og á hvaða þroskastigi þau uppgvöta hverja staðreynd fyrir sig.

## **Ung börn (frá fæðingu til sex ára)**

### **Vitsmunaproski ungra barna**

Fyrsti aldurshópurinn sem ég tek fyrir nær frá fæðingu og til loka leikskólaáranna. Til þess að gera okkur grein fyrir hugsunarhætti barna á þessum aldri skulum við aðeins fara yfir vitsmunaproska þeirra.

Breytingarnar sem verða á stærð og virkni heilans eru aldrei meiri og hraðari en á fyrstu tveimur árunum. Með auknum heila og líkamsþroska verða börnin fær um fleira og fleira. Þau læra að skynja heiminn og eigin líkama, þau læra tengsl orsakar og afleiðingar og hvaða kröfur og væntingar eru gerðar til þeirra. Við fæðingu kunna börn fátt annað en grundvallaratriði sem halda þeim á lífi en á aðeins tveimur árum læra þau að ganga, kasta, borða sjálf, pissa í kopp og að nota um 200 orð svo eitthvað sé nefnt (Lightfoot, Cole og Cole, 2009).

Skilningur á dauðanum er háður aldri og þroska barnsins og stigskiptur. Því svipar til vitsmunastigskiptingar Piagets (Yang og Chen, 2006). Hann kallaði fyrsta þroskastigið, sem nær yfir fyrstu tvö æviárin, skynhreyfistig þar sem þroskinn sem fer fram á þeim aldri felst aðalega í skynjun og hreyfingu. Barnið þroskast smám saman og með reynslu sinni bætir það þekkingu í skemun sín eins og hann vildi kalla það. Samkvæmt Piaget eru ung börn gríðarlega sjálflæg og sjá heiminn algjörlega út frá eigin sjónarhorni. Rannsóknir hans benda til þess að ef barn undir 18 mánaða aldri getur ekki séð ákveðin hlut, finnur ekki fyrir honum og heyrir ekki í honum þá er umræddur hlutur einfaldlega ekki til í hugarheimi barnsins (Lightfoot, 2009). Eftir 18 mánaða aldurinn eru þau hins vegar fær um að varðveita upplýsingar og geta hugsað um hluti þó þér séu ekki til staðar. Raunhyggja einkennir hugsunarhátt ungra barna að miklu leyti, með því er átt að þau eiga erfitt með að gera greinarmun á ímyndun og raunveruleika. Það sem markar lok þessa stigs er að þau geta leikið þykustuleiki, þau verða ekki eins háð raunveruleikanum og skilja að einn hlutur getur táknað annan, þetta gerist yfirleitt um tveggja ára

aldurinn. Þá eru þau komin á næsta stig, foraðgerðarstigið. Það byrjar um tveggja ára aldurinn og líkur við upphaf grunnskólaaldursins, þó vissulega sé munur á milli einstaklinga.

Með foraðgerðastigi er átt við að börn ráði ekki við aðgerðir. Aðgerð felst í því að hversdaglegur hlutur er tekin og eitthvað gert við hann og honum breytt. Börn á foraðgerðarstiginu átta sig ekki á því að þó að útlit hlutarins breytist þá breytist eðli hans ekki endilega (Battro, 1973, Lightfood 2009 og Mayer, 1977). Þær niðurstöður sem ég hef alfað mér í gegnum rannsóknir á skilningi barna á dauðanum stiðja við kenningar Piagets um vitsmunaproksa barna. Yngstu börnin lýsa dauðanum á hátt sem samsvarar kenningum Piagets um að börn á þessum aldri geti ekki unnið úr aðgerðum (Yang og Chen, 2002 og Tamm og Granqvist, 1995).

Annað sem er algengt hjá þessum aldurshópi er að ruglast á orsök og afleiðingu. Sem dæmi um þetta má nefna hana Jenny sem var í göngutúr með pabba sínum í gegnum kirkjugarð þegar hún var þriggja ára. Þegar pabbi hennar las á legsteinana rann það upp fyrir henni að steinarnir táknuðu fólk. Þegar hún spurði hann hvar þetta fólk væri núna útskýrði hann fyrir henni að eftir að fólk deyr væri það jarðað í kirkjugörðum. Við þessar upplýsingar komst Jenny í mikið uppnám og heimtaði að fara heim. Næstu vikur og mánuði varð hún mjög hrædd ef hún var einhverstaðar nálægt kirkjugarði og spurði foreldra sína mikið út í dauðann og kirkjugarða og þau reyndu að svara henni eftir bestu getu. Síðar þegar fjölskyldan ætlaði að flytja til New York spurði Jenny mömmu sína hvort það væru kirkjugarðar þar. Mamma hennar var orðin þreytt á þessari ofsahræðslu og vildi hlífa henni svo hún laug að henni og sagði henni að það væru engir kirkjugarðar í New York. Þá slakaði Jenny á og sagði „Gott, þá getur fólk í New York ekki dáíð“. Þetta gott dæmi um rugling á orsök á afleiðingu. Jenny hélt að vegna þess að það væri dáíð fólk í kirkjugörðum þá hlyti kirkjugarðurinn að drepa fólk og ef hún héldi sér í góðri fjarlægð frá kirkjugarði þá gæti hún ekki dáíð (Lightfood, 2009).

## Fyrsta reynsla

Það segir sig sjálft að skilningi á dauðanum fylgja óttablandnar tilfinningar og vanmáttur. Í þeim mörgu rannsóknum sem gerðar hafa verið á ótta við dauðann kemur fram að hann sé almennur og eðlislægur. Hann getur lýst sér sem ótti við sársauka og það óþekkta eða taugaveikluð viðbrögð tengd hjálparleysi. Mörg börn tengja hræðslu við dauðann og myrkræðslu og hugsa helst um dauðann á nóttunni. Í myrkrinu leita óhugnalegar hugsanir gjarnan á fólk á öllum aldri, ekki bara börn. Í myrkrinu sjáum við ekki, fyrir ungum börnum eru einungis þeir hlutir til sem þau geta séð og myrkræðsla er því ótti við það óþekkta. Hræðsla við dauðann getur einnig komið fram sem aðskilnaðarkvíði hjá börnum undir sjö ára aldri og þróast yfir í árásagjarna hegðun hjá eldri börnum. Við fæðingu búum við yfir sex grunntilfingum. Þær eru gleði, reiði, undrun, leiði, viðbjóður og hræðsla. En sökum vanþekkingar á heiminum eru nýfædd börn aðeins fær um að hræðast tvo hluti: há og hvell hljóð og að hrapa. Eftir nokkra mánuði verða börn hinsvegar mjög háð foreldrum sínum og þá verða þau hrædd við aðskilnað frá þeim. En aðskilnaðarhræðsla er náskyld hræðslu við dauðann. Því má segja að þó að nokkura mánaða börn hafa nánast engan skilning á dauðanum hræðast þau hann samt (Lightfoot o.fl, 2009 og Kübler-Ross 1993). Öðruvísi hræðsla við dauðann getur lýst sér sem hræðslu við drauga eða uppvakninga og er ekki óalgengur hjá börnum í kringum sjö ára aldurinn. Slíkur ótti er mjög tilfinningalegur og tengist aðskilnaðarkvíða. En rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að alvarleg og djúpstæð hræðsla við dauðann sé sjaldgæft fyrirbæri í barnæsku (Lonetto, 1980). Þrátt fyrir að ótti við dauðann sé mjög eðlilegt fyrirbæri sem allir upplifa einhvern tímann á lífsleiðinni er fyrsta reynsla okkar er sjaldan sorgleg eða ógnvekjandi. Alla þekkingu sem höfum byggjum við á reynslu okkar. Lítil börn sem eru að læra á lífið gera rannsóknir á umhverfi sínu og fíkra sig áfram til að skilja þessa skrítnu veröld sem þau eru hluti af. Fyrstu reynslu okkar af dauðanum fáum við í frumbarnæsku.

Piaget (Mayer, 1977) talaði um að þegar við sjáum eða lærum eitthvað nýtt bætum við þekkingu í skemun okkar varðandi ákveðið fyrirbæri. Skemu eru semsagt nokkurskonar reynslubankar. Tökum dæmi. Lítið barn sér flugvél í fyrsta sinn uppi í himninum, eina fyrirbærið sem það hefur séð fljúga svona í himninum eru fuglar svo það heldur því fram að þetta sé fugl og flokkar þessa reynslu í

fuglaskemað sitt. Við nánari athugun sér barnið að þetta fyrirbæri er ekki alveg eins og fugl, það blakar ekki vængjunum og það er ekki með fjaðrir þannig að það hlýtur að vera eitthvað annað. Foreldrar barnsins segja því að þetta sé flugvél. Barnið býr til nýtt skema og flokkar alla framtíðarreynslu sína af flugvélum í flugvélaskemað sitt. Segjum nú sem svo að barn sjái dáið dýr í fyrsta sinn. Það hefur áður séð sofandi dýr og tengir þá reynslu strax við dána dýrið. Við nánari athugun sér það kannski að dýrið er með opin augu, barnið stjakar kannski við dýrinu en það vaknar ekki. Þetta stangast á við þá reynslu sem barnið hefur af svefni. Foreldrar barnsins segja því að dýrið sé dáið. Barnið býr til nýtt skema fyrir þessa nýju reynslu. Það á núna svefnskema og dauðaskema og skilur að það er sitt hvor hluturinn (Battro, 1973 og Mayer, 1977).

Maurer (1966) vill meina að fyrsta reynsla okkar af dauðanum sé svefninn. Fyrir ungum börnum einkennir hreyfingarleysi svefn, þegar þau sjá dáið dýr taka þau fyrst eftir því að það hreyfist ekki og því er það þeirra fyrsta hugsun að dýrið hljóti að vera sofandi. Þegar við sofum þá erum við vissulega á lífi þó hugurinn sé einhverstaðar annars staðar. Þannig sjá ung börn dauðann. Þau telja að dáni einstaklingurinn sé á lífi en undir öðrum kringumstæðum. Öll börn hafa reynslu af því að sofna og vakna. Þau skilja ekki strax hversu endanlegur dauðinn er því sofandi fólk getur alltaf vaknað, því ætti dáið fólk þá ekki alveg eins að geta vaknað? Með því að tengja dauðann við svefn kemur þó sá skilningur að hann er eitthvað sem hendur allar lifandi verur. Allir sofa og allir deyja (Lonetto, 1980).

Aðrir vilja halda því fram að aðskilnaður sé fyrsta dauðatengda reynsla okkar. Fyrsti aðskilnaðurinn sem við upplifum er fæðingin, þegar við skiljum við líkama móður okkar. Þegar við fæðumst hrynur sá heimur sem við þekktum og við erum allt í einu stödd í annarri tilveru. Þetta er mesta áfall sem við verðum fyrir á ævinni. Fæðingin og dauðinn eiga það sameiginlegt að vera aðskilnaður frá þeirri tilveru sem við þekkjum (Lonetto, 1980). Fyrstu leikir barna fela oft í sér aðskilnað eins og klassíski leikurinn sem í daglegu talir hefur verið kallaður „gjugg í borg“ (eða peek-a-boo). Eins eru venjulegur feluleikur eða „hver er undir teppinu“ vinsælir leikir hjá ungum börnum. Þessir leikir fela í sér tilraunir með að vera og vera ekki, að vera týndur og að vera fundinn og með þessum leikjum þroskast skynjun þeirra á andstæðu lífs og dauða. Í þessum leikjum snýr sá sem hvarf alltaf

aftur. Líkt og með svefninn ýtir það undir þá trú barna að dáinn einstaklingur geti rétt eins auðveldlega snúið aftur (Knowles og Reeves, 1983).

Líkt og með allt annað læra börn best á dauðann með því að verða vitni að honum og fá að rannsaka hann og tala um hann (O'Halloran og Altmaier, 1996). Fyrsta beina reynsla barna að dauðanum er oftast dauði gæludýra, villtra fugla eða skordýra. Vissulega er algengt að börn missi ömmur og afa en það er ákaflega sjaldgæft að þau sjái lík þeirra. Fyrstu lífvana líkamarnir sem börn sjá eru langoftast dýr og ung börn læra um dauðann með því að rannsaka þau, pota í þau með priki og jafnvel með því að stíga ofaná skordýr, tæta þau í sundur eða drekkja þeim. Þau taka eftir því að þegar búið er að stíga á þau hreyfa þau sig ekki lengur. Þau gera sér þó ekki ennþá grein fyrir hversvegna og biðja stundum fullorðin aðila að laga þau. Þau trúa því gjarnan að hægt sé að tjasla dónu dýri saman, gefa því mat eða meðal til þess að það lifni aftur við og fari að hreyfa sig (Sigurður Pálsson, 2001 og Tamm og Granqvist, 1995).

Rannsóknir hafa leitt í ljós að börn sem hafa mikla beina reynslu af dauðanum öðlast skilning á dauðanum fyrr en jafnaldrar þeirra sem ekki hafa slíka reynslu. Bein reynsla af dauðanum getur verið að missa foreldri, vera lífshættulega veik eða dauðvona og að búa við stríðsástand. Í þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið með börnum með slíka reynslu hafa þau gefið óvenju þroskuð svör í samanburði við önnur börn (Bonoti, Leondari og Mastora, 2013 og O'Halloran og Altmaier, 1996).

## **Lífhyggja**

Mjög ung börn gera sér ekki alltaf grein fyrir því hvaða hlutir eru lifandi og hverjir ekki og hefur sú hugmynd verið kölluð animismi eða lífhyggja. Aðeins verur sem eitt sinn bjuggu yfir lífi eru færar um að deyja. Til þess að ná skilningi á hugtakinu „dauði“ þurfa börn því fyrst að gera sér grein fyrir því hvað hugtakið „líf“ þýðir. Í viðtölum við ung börn kemur oft fram miskilningur á þessum hugtökum. Þegar börn eru spurð að því hvort þeir dónu geti lifnað við kemur stundum í ljós að börn sjá líf og dauða ekki sem andstæður. Fyrir þeim eru hvorki líf né dauði greinanlegt ástand og þau vilja jafnvel halda því fram að hlutir geti verið bæði dánir og um leið



lifandi. Þau sjá líf og dauða frekar sem tvo skala og fólk, dýr og hlutir geta verið á mismunandi stað á þessum skala, þannig að sumir hlutir eru meira lifandi en aðrir (Speece og Brent, 1984).

Þau gera heldur ekki greinarmun á því að hafa eitt sinn verið á lífi og að hafa aldrei verið á lífi. Fyrir þeim býr allt í umhverfi þeirra yfir lífi. Ef barn hrasar um stein og dettur væri það líklegt til að halda því fram að vondi steinninn hafi hrint þeim. Börn á foraðgerðarstigi eiga það til að finna atriði sem einkenna ákveðna hluti og fyrir þeim einkenna hreyfingar líf, því halda þau því fram þegar þau verða aðeins eldri að einungis hlutir sem hreyfast búi yfir lífi. Því meira sem hlutur hreyfist því meira lifandi er hann fyrir þeim. Hlutir sem hreyfast ekki eru ekki jafn lifandi en þau geta samt trúað því að hann sé fær um eigninleika eins og að hugsa (Knowles og Reeves, 1983).

Eins og áður hefur komið fram skilja börn á skynhreyfistigi ekki hvað það er að þykjast og þegar móðir leikur við barnið sitt og biður það um að mata dúkkuna sína því hún sé svöng skilur barnið ekki að dúkkan sé bara svöng í þykustunni. Þeir fullorðnu ýta svo undir þennan misskilning með því að nota orð sem eiga við þá lifandi um dána hluti eins og „tölvann er að hugsa“ eða „bílinn dó“. Barn sem er á því þroskastigi að það trúir því í alvöru að dúkkur geti verið svangar og að tölvur geti hugsað skilur ekki að dái líkami sé ekki fær um þessa hluti. Þau halda að allar líkamlegar getur okkar og þarfir haldi áfram eftir dauðann. Þau halda gjarnan að þeir látnu geti talað, gengið og hugsað rétt eins og þeir lifandi. Þau halda einnig að látnir finni fyrir tilfinningum á borð við hungur og kulda og hafa í viðtölum lýst yfir áhyggjum af því að dáið gæludýr geti orðið svangt ofan í jörðinni eða of kalt (Lonetto, 1980). Það er ekki að undra að þau haldi þetta þar sem þau trúa því einnig að hlutir séu færir um það sama. Það skilur kannski að sá látni geti ekki hreyft sig en gæti haldið að það sé vegna þess að líkkistan sé svo lítil að það sé ekki pláss til að hreyfa sig (Schonfeld, 2010 og Knowles og Reeves, 1983).

## **Hugsunarháttur ungra barna**

Einkennandi hugsunarháttur barna á leikskólaaldri er það sem stundum hefur verið kallað töfrahugsun. Þau trúa því að þau geti haft áhrif á tilveruna með hugsunum

sínum einum saman. Þau trúa því að óskir þeirra uppfyllist bara ef þau óska sér nógu heitt eða fara með töfrapulu, jafnvel þó að óskin sé að lífga einhvern við. Þegar börn verða reið hugsa þau oft illa til einhvers og óska jafnvel þeim sem reytti þau til reiði þau dauða. Síðar gætu þau óttast að ósk þeirra rætist og fá samviskubit. Þegar börn sem hafa þennan hugsunarhátt verða fyrir missi kenna þau sjálfum sér oft um dauðann vegna þess að þau trúa því raunverulega að dauðinn hafi átt sér stað vegna þess að þau óskuðu þess og getur þetta samviskubit jafnvel fylgt barninu fram á fullorðinsár þótt hugsunarháttur þeirra breytist með aldrinum (Sigurður Pálsson, 1998).

Ung börn hafa mjög sterka trú á eðlisréttlæti en það er í meginhugtökum sama hugtak og karma (Sigurður Pálsson, 1998). Það er að segja að ef einhver gerir eitthvað rangt af sér hlýtur það óhjákvæmilega að leiða af sér refsingu hvort sem einhver sá til hans eða ekki. Ef að barn meiðir sig stuttu eftir að það gerði eitthvað af sér er mjög líklegt að það líti á það sem refsingu fyrir brotið. Að sama skapi finnst þeim að þau eigi óhjákvæmilega að fá umbun þegar þau hafa gert eitthvað gott. Börn sem eru á þeim aldri sem aðhyllist eðlisréttlæti líta oft á dauðann sem einhverskonar refsingu. Samkvæmt þeim getur gott fólk ekki dáðið því það á það ekki skilið. Barnaefni styður þessa hugmynd oft á tíðum þar sem illmennið deyr nánast undantekningarlaust í teiknimyndum. Vissulega kemur það fyrir að einhver góður og nákominn hetjunnar deyi en það er þá mikið meira gert úr þeim dauðdaga. Aldrei syrgir neinn illmennið því það var illt og átti skilið að deyja (Cox o.fl., 2005).

Börn á leikskólaaldri hafa misgóðan skilning á því hvað veldur dauðanum og gera sér ekki endilega grein fyrir því að ef þau detta fram af þaki eða verða fyrir bíl eru góðar líkur á að þau lifi það ekki af. Þau þekkja fáar leiðir til þess að deyja en helstu dánarorsakirnar sem þau þekkja eru elli og morð. Þó að morð og aðrir dauðdagar af mannavöldum séu frekar fátíð í okkar samfélagi fá þau mikla umfjöllun þegar þau gerast. Einnig eru morð og dauðdagar af mannavöldum afskaplega algeng í sjónvarpsefni og bókum og er barnaefni þar engin undantekning (Tamm og Granqvist, 1995). Ungum börnum finnst því oft að einhver aðili sé alltaf ábyrgur fyrir dauðdaga og ef þau heyra af því að einhver hafi dáðið er algengt að þeirra fyrsta spurnig sé: „Hver drap hann?“ Ef dauðdaginn var ekki af

mannavöldum þá líta þau gjarnan svo á að Guð sé ábyrgur fyrir dauðanum. Þannig eru jafnvel dauðdagar vegna slysa eða sjúkdóma einnig einhverjum að kenna. Við missi hugsa börn á leikskólaaldri stundum að Guð hafi tekið hann til þess að refsa honum og geta þá annað hvort reiðst Guði fyrir að hafa numið hann á brott eða reiðst þeim látna vegna þess að þau halda að Guð taki fólk til að refsa því og þar af leiðandi hafi hin látni gert eitthvað slæmt að sér til þess að fá slíka refsingu (Lonetto 1980 og Sigurður Pálsson, 1998 og 2001).

Á leikskólaaldri velta börn flæði heimsins mikið fyrir sér og eru viss um að allt hafi einhver tilgang. Þau telja að kýr séu til svo við getum fengið mjólk og að tunglið verði að skína til að láta vita að það sé komin nótt (Sigurður Pálsson, 2001). Sterkt einkenni þessa aldurshóps er að ef þau skilja ekki eitthvað eiga þau það til að búa sér til sínar eigin skýringar á hinu og þessu. Dauðinn er þar engin undantekning og þau fullorðnu eru oft treg til að ræða um dauðann við börnin sín og það eykur stundum enn meira á forvitni þeirra. Þó að sumir virðist halda að ef börn heyri ekki talað um dauðann þá hugsi þau ekki um hann velta þau dauðanum fyrir sér, hvort sem foreldrar og uppalendur vilja tala um hann við þau eða ekki. Þau hugsa um hann og hafa þörf fyrir að tala um hann og spyrja. Oft er það sem börnin ímynda sér mun skelfilegra en raunveruleikinn (Grollman, 1990 og Tuzeo-Jarolmen, 2007). Joann Tuzeo-Jarolmen (2007) tekur dæmi um sex ára stúlku sem átti fjölskylduhund sem var lógað. Foreldrar hennar sögðu henni að hann hefði verið svæfður og þess vegna farið til himna. Eftir þetta varð stúlkan virkilega hrædd við að fara að sofa og það tók foreldra hennar langan tíma að komast að því að það var vegna þess að hún hélt að ef hún sofnaði gæti hún endað á himnum. Það var ekki fyrr en þau útskýrðu fyrir henni hvað hafði raunverulega verið gert við hundinn að hún gat farið að sofa aftur. Börn sem fá tækifæri til þess að tala um dauðann við foreldra sína og fá spurningum sínum svarað eru líklegri til þess að móta sér þroskaðan skilning á honum fyrr en ella (Gunnar Finnbogasson 2011 og Tuzeo-Jarolmen, 2007).

## **Dauðinn afturkallanlegur**

Mjög ung börn skilja ekki að dauðinn er endanlegur. Þau skilja að dauði lýsir ákveðnum aðskilnaði en halda að hann sé einungis tímabundinn og að sá látni geti

snúið aftur (Gunnar Finnbogasson, 2011). Smábörn eru mjög hrædd við að vera aðskilin frá foreldrum sínum eða að vera ein og yfirgefin. Það einkennir viðbrögð þeirra við dauðanum. Jafnvel þó þau skilji ekki að dauðinn sé endanlegur vita þau að hann þýðir að þau missa samskipti við viðkomandi og jafnvel þó það sé bara tímabundið er það samt ekki eftirsóknarvert. Þessi ótti leiðir síðar af sér ótta um að missa þá sem barnið þarf mest á að halda (Sigurður Pálsson, 1998).

Börn notast gjarnan við leiki og teikningar til þess að ná tökum á tilverunni og reyna að skilja ný hugtök eða til að komast yfir ótta og áhyggjur. Í rauninni hefur leikurinn svipuð áhrif á barnið og samræður hafa fyrir fullorðna. Í leikjum sínum fá börn útrás fyrir tilfinningar sínar. Þau læra að setja sig í spor ólíkra persóna og setja sig í aðstæður sem þau vinna sig út úr. Þegar við fylgjumst með börnum leika eða skoðum myndirnar þeirra fáum við góða innsýn í þeirra hugarheim (Lonetto, 1980 og Sigurður Pálsson, 1998). Að biðja börn um að teikna dauðann er því sennilega ein besta leiðin til þess að komast að því hverjar hugmyndir þeirra um hann eru. Richard Lonetto (1980) gerði eina slíka rannsókn sem var gerð með tvö hundruð börnum á aldrinum þriggja til þrettán ára. Fleiri fræðimenn hafa endurtekið þessa rannsókn og fengið sömu niðurstöður (Bonoti o.fl, 2013 og Tamm og Granqvist, 1995).

Þau voru beðin að teikna mynd af dauðanum og ræða síðan um myndirnar sínar og tilfinningar þeirra gagnvart þeim. Á myndum leikskóla barnanna (þriggja til sex ára) var dauðanum oft lýst sem einföldum aðskilnaði. Það er að segja að hinum dána hafi verið rænt eða að hann sé í felum. Einnig voru nokkrar myndir af sjúkrahúsum og fangelsum, en það eru staðir sem lýsa ákveðnum aðskilnaði (Lonetto, 1980).

Margt veldur því að börn sjá dauðann ekki sem endanlegt ástand, t.d er dauðinn ekki alltaf endalegur í barnaefni og þar sem ung börn skilja ekki hvað það er að þykjast eiga þau erfitt með að skilja á milli þykustu heima (barnaefnis) og veruleika. Þau líta á dauðann sem tímabundið ástand (Cox o.fl, 2005 og Knowles og Reeves, 1983). Það bætir ekki úr skák að þegar kemur að missi telja fullorðnir oft að barnið sé of ungt til þess að skilja hvað hefur gerst eða þá að þau eru enn í áfalli og kannski ekki tilbúin til þess að segja orðið „dáiinn“ upphátt. Til þess að hlífa barninu fyrir áhyggjum og hræðslu varðandi dauðann fegra þau sannleikan og

segja barninu að sá látni sé farinn eða sé sofandi eða eitthvað álíka. Earl A. Grollman (1990) segir í bókinni sinni *Talking about death* að þetta hlífi börnunum síður en svo og ef að barnið verður fyrir missi er það skylda okkar að útskýra fyrir því að sá látni komi ekki aftur. Ef börnum er sagt að sá látni sé farinn eða sé í löngum dvala getur barnið reiðst þeim látna fyrir að hafa yfirgefið sig vísvitandi þegar hann snýr ekki aftur eða vaknar ekki. Þau gætu orðið hrædd við að fara að sofa og óttast að þau vakni ekki aftur. Ef einhver nákominn barninu fer í raunverulegt ferðalag gæti barnið óttast að hann snúi ekki aftur (Grollman, 1990 og Knowles og Reeves, 1983). Endanlegur aðskilnaður er eitthvað sem börn þekkja ekki fyrr en þau verða fyrir honum. Þegar barn verður fyrir missi áttar það sig ekki á því að sá látni komi ekki aftur og gæti spurt foreldra sína mánuðum eða árum eftir missinn hvort afi ætli ekki að koma til þeirra um jólin, jafnvel þó að barnið hafi verið viðstatt jarðarförina. Ung börn byrja oft að syrgja mun seinna en þeir sem eldri eru, einfaldlega vegna þess að þau skildu ekki hvað var um að vera þegar missirinn átti sér stað (Knowles og Reeves, 1983).

Í rannsókn Lonettos (1980) var algengt að börn héldu því fram að dánir einstaklingar gætu farið til læknis og fengið lyf eða sprautu til að láta lífga sig við. Hann tekur einnig dæmi um lítinn dreng sem fann dána kanínu eitt sinn er hann var í göngu með leikskólakennaranum sínum og fleiri börnum. Hann vildi fara með kanínuna á leikskólann og setja hana í bað. Hann fékk að gera það og þegar hann sá að kanínan hreyfist þegar hún flaut í vatninu hélt hann að kanínan væri lifnuð við (Lonetto, 1980). Slíkar hugmyndir hafa víða komið fram hjá börnum á leikskólaaldri í rannsóknum á skilningi barna á dauðanum sem bendir til þess börn á þessum aldri líta á dauðan sem ákveðið ástand sem hægt er að komast úr með einfaldri meðferð (Lonetto, 1980 og Speece og Brent, 1984).

## **Elli og dauði**

Áður en börn gera sér grein fyrir því að dauðinn sé almennur og óhjákvæmilegur trúa þau því oft að til séu sérstakir hópar fólks sem ekki geti dáíð. Þau trúa því að ef maður sé nógu klár þá sé hægt að forðast dauðann. Þegar börn á leikskólaaldri hafa verið spurð hvaða fólk geta ekki dáíð nefna þau gjarnan kennara, nánustu fjölskyldu barnsins, barnið sjálft og svo börn almennt (Speece og Brent, 1984).

Á þessum aldri komast mörg börn að því að þau geta sjálf dáið en telja sér trú um að það muni ekki gerast nema einhverntíma í ófyrirsjáanlegri framtíð þegar þau eru orðin gömul. Það er algengur misskilningur hjá börnum á leikskólaaldri að aðeins gamalt fólk sé fært um að deyja. Þau hafa kannski heyrt af börnum sem hafa dáið en líta á það sem algjöra undantekningu. Þetta gæti virkað sem vörn við frekari ótta og áhyggjum af eigin dauðleika. Með því að telja sér trú um að þau geti ekki dáið fyrr en þau verði gömul sannfæra þau sig um eigin ódauðleika. Þessu getur þó fylgt ótti við að eldast (Knowles og Reeves, 1983).

Í dag sjáum við mun minna af gömlu fólki en tíðkaðist áður fyrr, jafnvel þótt meðalaldurinn hækki og það ætti að vera meira til af öldruðum einstaklingum en nokkurn tíma áður. Áður fyrr tíðkaðist það að nokkrar kynslóðir byggju saman og eldra fólkið sinnti börnunum meira en gengur og gerist í dag. Áður en elliheimili urðu til bjó fólk heima hjá sér alla ævi og það dó mun oftar heima hjá sér en í dag. Þar sem börn voru oft á heimilinu voru þau í mikilli snertingu við dauðann. En í dag er mun algengarar að gamla fólkið búi á elliheimilum eða sambærilegum stofnunum og eru mun minna í kringum börn en áður fyrr. Dauðinn hefur verið stofnanavæddur. Fólk deyr ekki lengur heima hjá sér, það deyr á sjúkrahúsum og elliheimilum. Venjulegt fólk er ekki lengur í beinni snertingu við dauðann, allra síst börn (Gunnar Finnbogasson 2011).

Þegar ung börn upplifa missi í fjölskyldunni er það yfirleitt elsti meðlimurinn. Þegar þau spyrja hina fullorðnu hvort þau munu einhverntíma deyja er þeim oft sagt að það verði langt þangað til, þegar þau eru orðin gömul. Sem betur fer er það rétt í flestum tilfellum en þetta er fyrst og fremst gert til þess að hlífa börnum við frekari áhyggjum. Þetta veldur því að börn á leikskólaaldri tengja elli mjög sterkt við dauðann og mörg þeirra eru mjög hrædd við að eldast. Sem dæmi um slíkan ótta var ein stúlka sem vildi láta setja stóran stein á kollinn á sér svo hún gæti ekki stækkað, en í hennar huga var enginn munur á því að stækka og eldast. (Knowles og Reeves, 1983, Speece og Brent, 1984, og Speece, 1995).

## **Eftirlífið**

Í rannsókn Lonettos (1980) teiknuðu mörg leikskólabarnanna dáið fólk að gera hluti eins og að standa, ríða hesti eða að fela sig. Dauðinn er afturkallanlegur og

ekki endanlegur í þeirra huga. Þau líta svo á að þó þau dónu séu farin þýðir það ekki að þau geti ekki komið aftur hvenar sem þau vilja. Ein fimm ára stúlka í þeirri rannsókn hafði mjög sterkar skoðanir á dauðanum. Hún var viss um að þegar fólk og dýr dæju færu þau til himnaríkis og fengu að búa í kastala á meðan þau biðu eftir nýjum líkama. Þau fengu síðan úthlutaðan ungbarnalíkama og skriðu aftur til jarðar, en þau hefðu einnig val um að koma aftur sem hundur eða köttur. Hún sagðist hafa hitt dauðann í draumum sínum og lýsti honum sem fyndnum trúð með líkama úr kopar (Lonetto, 1980).

Fyrir börnum á leikskólaaldri er í rauninni engin munur á þeim lifandi og þeim dónu nema kannski sá að þau dónu búa einhvers staðar annars staðar á einhverjum fjarlægum og framandi stað. Það er alfarið undir uppeldi og umhverfi barnsins komið hvernig það sér þennan stað fyrir sér. Börn sem hafa fengið trúarlegt uppeldi byggja hugmyndir sínar á táknum innan sinnar trúar, önnur börn þurfa að nota hugmyndaflugið meira. Flest börn, hvort sem þau eru alin upp af trúuðum fjölskyldum eða ekki, sjá fyrir sér góðan stað eða einskonar paradís (Sigurður Pálsson, 2001). Í rannsókn Yang og Cheng (2006) kom í ljós munur á skilningi barna á dauðanum eftir trúarbrögðum þeirra. Þau börn sem ólust upp við trúleysi sýndu minni skilning en hin. Börnin sem ólust upp við kristni eða búddisma höfðu hugmyndir um ákveðið eftirlíf sem trúlausu börnin skorti og það virtist hefta skilning þeirra á eðli dauðans að einhverju leyti (Yang og Chen, 2006). Í rannsókn á sænskum börnum (Granqvist og Tamm, 1995) teiknuðu 10% barnanna ljós við endan á dimmum göngum en þegar sama rannsókn var gerð með kínverskum og taiwönskum börnum (Yang og Chen, 2002) teiknaði aðeins 0,45%, eða eitt barn, þannig mynd. Í sænsku rannsókninni voru flest börnin alin upp í kristnum fjölskyldum en mun færri í hinni en þetta eina kínverska barn sem teiknaði göng var kristið. Þau trúarbrögð sem börn alast upp í virðast því móta sýn barna á dauðanum að einhverju leyti (Granqvist og Tamm, 1995 og Yang og Chen, 2002). Þegar rætt var við 62 kaþólsk börn á aldrinum sjö til átta ára um dauðann kom í ljós að 26 þeirra sáu hann sem nýtt upphaf í himnaríki, fullt af gleði, frið og kærleika. Hin börnin sáu fyrir sér morð, sorg, kirkjugarða, sjúkdóma eða djöfulinn þegar þau hugsuðu um dauðann, en himnaríki var vinsælasta svarið. Aðeins eitt barn sá elli fyrir sér þegar það hugsaði um dauðann. Það er mjög lág tala miðað við aðrar rannsóknir á börnum á sama aldri þar sem flest börn tengja dauðann við

elli. Þetta gæti stafað að því að börn sem alast upp í trúuðum fjölskyldum fá sínu fyrstu fræðslu um dauðann í trúarlegu samhengi og tengja því dauðann sterkar við Guð og himnaríki en önnur börn (Lonetto, 1980). Önnur rannsókn sýndi að kaþólsk börn væru líklegri en önnur til að trúa á líf eftir dauðann og því eru þau síður líkleg til þess að óttast hann (Knowles og Reeves, 1983).

Eins og áður hefur komið fram eiga börn á leikskólaaldri það til að búa til sínar eigin skýringar. Þau skilja oft ekki hvers vegna þeir látnu eru grafnir ofan í jörðu ef þau ætla til himna, því það hlýtur að gera þeim erfiðara fyrir. Þau halda stundum til dæmis að það séu göng frá jörðinni og til himnaríkis og eða að englarnir láni Guði vængi svo hann geti sótt dána fólkið. Önnur börn halda því einfaldlega fram að fólkið lifi í kirkjugarðinum, ýmist á yfirborðinu eða ofan í jörðinni í neðanjarðarborg. (Lonetto 1990 og Knowles og Reeves, 1983).

Þegar börn á leikskólaaldri verða fyrir missi er yfirleitt efst í huga þeirra hvert einstaklingurinn fór, því einhvers staðar hlýtur hann að vera og þá líka hvenar hann kemur aftur og hvernig hann hafi það. Mjög ung börn hafa mjög sérstakan skilning á því hvað það þýðir að vera dáinn og halda því fram að þeir dónu geti gengið, talað og borðað rétt eins og lifandi fólk. Börn á leikskólaaldri sjá ekki mikinn mun á lífi og dauða en smám saman skilja þau að þeir dónu eru ekki færir um eins mikið og þeir lifandi og sum börn halda að þau séu fær um sömu hluti en ekki jafnfær, t.d að þau heyri ekki eins vel eða tali lægra. Þau skilja síðan að þau eru ekki fær um eiginleika sem eru mjög áberandi eins og að hreyfa sig og tala en þau halda þó oft fram að þau séu ennþá fær um hluti sem eru ekki eins sjáanlegir eins og að hugsa, dreyma eða finna til (Knowles og Reeves, 1983, Lonetto 1980, Speece og Brent, 1984 og Sigðurður Pálsson, 1998).

## **Miðbarnæska (sex til tólf ára)**

### **Vitsmunaproski sex til tólf ára barna**

Þegar á þetta stig er komið eru börn orðin bæði stærri og sterkari en áður og með góða þjálfun í fín- og grófhreyfingum. Þau eru því líkamlega færari og geta notað flóknari hreyfingar sem gerir þeim kleift að hjóla, klifra, skauta og nota stýripinna. Á þessum aldri læra þau nokkra nýja hugræna eiginleika sem gera hugsunarhátt



þeirra sveigjanlegri og valda því að þau eiga auðveldara með að leysa ýmis vandamál og ágreining (Lightfoot o.fl., 2009).

Til dæmis er minni þeirra mun betra en áður (Lightfoot o.fl., 2009). Þau verða færari í að varðveita upplýsingar og eru fljótari að sækja þær. Skilningur þeirra á hinum ýmsu fyrirbærum dýpkar sem auðveldar þeim að muna eftir þeim. Auk þess kunna þau leiðir til þess að muna og geta reynt að muna eitthvað meðvitað.

Þau verða fær um að flokka. Ekki er ólíklegt að barn á þessu stigi myndi raða bókunum sínum þannig í hilluna að allar ljóðabækurnar væru saman og allar myndasögurnar saman. Þau geta skipulagt fram í tímann. Þetta er flókinn hæfileiki sem kemur í góðar þarfir. Til þess að geta skipulagt eitthvað fram í tímann þurfa þau að setja sér markmið, átta sig á hvar þau standa í nútímanum, hvað þau vilja að gerist í framtíðinni og hvað þau þurfa að gera til að komast úr nútímanum í þessa framtíð. Þau eru meðvituð um eigin hugsun og geta stjórnað henni. Þau eru einnig meðvituð um eigin getu og hamlanir. Þetta auðveldar þeim að finna bestu leiðina til þess að leysa ákveðin verkefni. Þau skilja einfaldar aðgerðir og því kallaði Piaget þennan aldurshóp stig hlutbundinna aðgerða. Ef við myndum hella vökva úr lágu breiðu glasi yfir í mjótt og hátt glas myndi barn á foraðgerðastigi halda því fram að það væri meiri vökvi í háa glasinu vegna þess að yfirborðið hækkaði. Barn á stigi hlutbundinna aðgerða gerir sér grein fyrir því að ef engu var bætt úti vökvan og ekkert tekið úr hlýtur magnið að vera það sama og áður (Lightfoot o.fl., 2009).

Samkvæmt Piaget er miðbarnæskan sá tími sem börn velta afleiðingum mikið fyrir sér. Þau spyrja margra spurninga. Þau hafa misst töfrahugsunarháttinn og búa sér ekki til sínar eigin skýringar í jafn miklu magni og áður. Þau vilja vita staðreyndir. Þegar Piaget fjallaði um þetta skeið sagði hann að þau væru áhugasöm um dauðann en ringluð. Á þessu skeiði kemur sá skilningur að það er alltaf eitthvað líkamlegt sem veldur dauðanum og hugsanir þeirra um dauðann fjalla mikið um það hvernig fólk deyr. Elli telja þau helstu orsök dauða en þau eru líka mjög upptekin af dauðsföllum af mannavöldum, morðum og slysum. Ef til vill vegna þess að slíkir dauð dagar eru áberandi og fá mesta umfjöllun (Knowles og Reeves, 1983 og Lonetto, 1980).

## **Persónugervingur dauðans**

Það sem einkennir helst hugsanir barna á aldrinum sex til níu ára um dauðann er það að þau setja hann gjarnan í líkamlegt form og búa sér til ákveðin persónugerving. Þetta þekkist hjá börnum um allan heim. Þau nota þennan persónugerving í leikjum sínum og teikningum til þess að móta sér skilning á þessu flókna hugtaki. Þó að persónugervingurinn sem börn á þessum aldri búa sér til sé lang oftast ógnvekjandi er þetta ákveðin leið til þess að hlífa sér fyrir frekari ótta eða áhyggjum. Því ef litið er á dauðann sem ákveðna persónu þýðir það að hægt sé að forðast hann eða jafnvel tortíma honum. Hann er stundum ósýnilegur en stundum ekki og í langflestum tilfellum karlkyns. Hann er ljótur og ógnvekjandi, oft afskræmdur. Hann birtist stundum í líki mannsins með ljáinn, draugs, beinagrindar eða vampíru. Hann læðist um og tekur fólk. Hann ferðast oftast á nóttunni. Í þeirra huga er hægt að flýja dauðann sjái maður hann koma. Þau tengja ennþá dauðann sterkt við háan aldur. Því eldri sem einstaklingur er því líklegri er að hann sé í slöppu líkamlegu formi og því ekki jafn fær í að flýja dauðann, þess vegna er gamalt og veikt fólk helstu fórnarlömb hans. Fyrir þeim er þetta ástæða þess að þeir ungu og heilbrigðu séu í minnstu hættu á að deyja. Þau líta enn á dauðann sem aðskilnað, en í þetta skiptið er það sláttumaðurinn sem nemur þig á brott (Grollman, 1990, Knowles og Reeves, 1983, Lonetto, 1980 og Tamm og Granqvist, 1995).

## **Skilningur fullmótast**

Rannsóknir benda til þess að um sjö ára aldur hafi flest börn einhvern skilning á hversu óhjákvæmilegur og óafturkallanlegur dauðinn er og að dáinn líkami sé óvirkur en margt bendir til þess að níunda aldursárið sé vendipunktur hvað varðar skilning á dauðanum (Speece og Brent, 1984).

Dauðinn breytist úr því að vera ákveðin karakter í að vera óhlutstætt afl. Þau sjá að dauðinn er óumflýjanlegur og hann markar endalok lífsins og enginn sleppur eða snýr aftur. Í kringum níunda aldursárið nær ótti við dauðann hámarki vegna þess að það er sá tími sem börn fara að gera sér grein fyrir óafturkallanleika

dauðans. Á þeim tíma hugsa þau mikið um dauðann og því þróa hugmyndir þeirra mikið á þessu skeiði. Það er mikilvægt að upplýsa því að óttinn við dauðann stafar aðallega af hræðslu við það óþekkta (Knowles og Reeves, 1983)

Enn ríkir nokkur misskilningur hvað varðar virkni dáins líkama þar sem mörg níu ára börn vilja meina að þeir látnu geti hugsað, heyrt eða að minnsta kosti áttað sig á hvað er að gerast í kringum þá. Þau trúa því einnig oft að þeir látnu finni fyrir tilfinningum á borð við ást eða reiði (Lonetto, 1980 og Knowles og Reeves, 1983).

Í rannsókn Lonettos (1980) kom fram að níu ára börnin áttuðu sig á að dauði þeirra væri óhjálkvæmilegur þegar þau teiknuðu og spjölluðu um dauðann. Flest lýstu sorg en aðeins örfá hræðslu þegar þau greindu frá tilfinningum sínum gagnvart dauðanum. Mörg teiknuðu persónugerving dauðans eða jarðarfari. Þau teiknuðu fleiri lífstákn (gras, himin o.fl) en það virðist aukast með aldrinum. Þau virtust hafa meiri áhyggjur af því hvað verður um þau látnu en yngri börnin (Lonetto, 1980). Hann vitnar í rannsóknir þar sem kom í ljós að níu og tíu ára börn líta á dauðann sem lögmætt ferli sem við göngum öll í gegnum. Í þeirri rannsókn gátu börn sem náð höfðu níu ára aldri gefið rökrétt svar þegar þau voru beðin um að lýsa hugtakinu „dauði“ (Kastenbaum og Aisenberg, 1972).

Aðrar rannsóknir hafa sýnt fram á að um níu ára aldurinn taki börn eigin dauðleika í sátt og tengja dauða og elli ekki eins sterkt saman og yngri börn. Þau gera sér grein fyrir því að það er engin leið til að vita hvenar þau deyji og það þarf ekki endilega að gerast þegar þau eru orðin gömul (Knowles og Reeves, 1983).

Í rannsókn Lonettos (1980) kom í ljós ákveðið stökk á sýn tíu ára barnanna á dauðanum ef marka á myndirnar þeirra. Skilningur þeirra virðist skýrast ennþá betur á tíunda og ellefta ári. Tíu ára börnin lýstu dauðanum sem skelfilegum og hræðilegum. Færri myndir voru af jarðarförum og fleiri voru af dimmum og drungalegum stöðum. Þau voru mjög upptekin af drungalegu hlið dauðans og þau eru mjög meðvituð um eigin dauðleika. Flestar manneskjurnar á myndum yngri barnanna voru með bros á vör, hvort sem þær voru dánar eða ekki. Það svo gott sem hvarf hjá tíu ára börnunum þar sem þeir látnu voru teiknaðir með lokuð augu og skeifu, skelfingarsvip eða hlutlausan svip. Þeir eftirlifandi voru með skeifu og oft grátandi. Aðeins tvö börn lýstu dauðanum sem gleði viðburði þar sem stórkoslegt líf í paradís tæki við. Þegar rætt var við þau um dauðann lýstu mörg börn

áhyggjum sínum af eftirlífinu. Þau vildu vita hvernig það væri að deyja og hvað tæki við. Nokkur lýstu því að þau vildu að einhver dáinn gæti snúið aftur til þess að lýsa reynslu sinni fyrir þeim.

Ellefu ára börnin notuðu mun fleiri tákni til þess að túlka dauðann en þau yngri, eins og til að mynda tár, kross, brotið hjarta eða tré með berar greinar. Mörg ellefu ára barnanna litu á dauðann sem óhlutstæðan og persónugervíngum fækkaði. Athugasemdir þeirra varðandi myndirnar sýndu að þau hefðu tekið óafturkallanleika dauðans í sátt. Þau höfðu einnig áttað sig á því að allir aldurshópar eru færir um að deyja. Þau lýstu mörg hræðslu varðandi dauðann og leiða. Þau sögðu mörg frá því að þau óskuðu þess að deyja á sem sársaukaminnsta hátt. Þessar athugasemdir eru mjög svipaðar og þeir fullorðnu komu með sem hafa tekið þátt í svipuðum könnunum.

Þegar börn nálgast þau tímamót að breytast úr börnum í unglíngur eru þau mjög upptekin af því að móta sitt eigið sjálf utan fjölskyldunnar og finna sinn sess í jafningjahópnum. Þetta er áberandi hjá börnum á bilinu níu til tólf ára. Mikilvægur partur af því að móta eigið sjálf er að viðurkenna eigin dauðleika en sá skilningur fullkomnast við lok þessa aldurskeiðs. Lonetto furðar sig á því hvað börn í kringum tólf ára aldurinn eru róleg varðandi dauðann þar sem þetta er sá aldur sem skilningur þeirra fullmótast (Lightfoot o.fl, 2009 og Lonetto, 1980). Hjá tólf ára börnunum var svartur í áberandi miklu upphaldi þegar þau teiknuðu dauðann. Andlitin í myndum þeirra lýstu helst illsku, hryllingi eða sorg, aðeins tvær stúlkur teiknuðu látin einstakling með bros á vör. Dauði og elli voru ekki jafn samrýmd hugtök í huga tólf ára barnanna sem teiknuðu látna einstaklinga á öllum aldri. Það er eins og áhugi minnki á persónugervíngum og aukist á jarðarförum. Þau teiknuðu marga hluti sem táknuðu jarðarfarir eins og legsteina, blómakransa og líkkistur. Dauðinn er óhlutlægur í augum tólf ára barna. Þau sjá hann gjarnan sem djúpstækt myrkur eða tómléika, túlkað með svörtum vaxlitum (Lonetto 1980).

Í rannsóknum hefur komið fram að níu ára börn og eldri eru uppteknari af trúarlegu þáttunum þegar kemur að því að jarða dáíð dýr en þau sem yngri eru. Þau vilja fullvissa sig um að dýrið komist örugglega heilt á húfi í eftirlífið (Lonetto, 1980, Sigurður Pálsson, 1998 og Tamm og Granqvist, 1995).

## **Dauðanum storkað**

Á milli níu og tólf ára aldurs fullmótast skilningur barna á dauðanum og til þess að ná þessum skilningi er mikilvægt að þau hugsi mikið um um dauðann, leiki sér með hann, teikni hann og tali um hann. Börn á þessum aldri velta dauðanum mikið fyrir sér og þau dreymir hann einnig oft. Flest eigum við minningu af draumi úr barnæsku þar sem við vorum á flóttu undan einhverju eða einhverjum. Slíkir draumar eru taldir endurspeglar ótta við dauðann. Stundum lýkur þessum draumum með því að barnið bjargast en stundum hrökkva þau upp og þurfa þá á öryggi, faðmlag eða samræðu að halda. Þessir draumar hjálpa börnum að takast á við ótta sinn við dauðann og hafa því jákvæð áhrif á þroskaferil barnsins (Sigurður Pálsson, 2001).

Leikir eru mikilvægt tól sem börn nota til að móta hugmyndir sínar af tilverunni og dauðatengdir leikir eru áberandi hjá leikskólabörnum. Eldri grunnskólabörn leika einnig dauðatengda leiki en þó með öðru móti. Þeir felast í því að storka dauðanum. Jafnvel þótt þau geri sér grein fyrir eigin dauðleika reyna þau að sannfæra sig um ódauðleika sinn með því að setja sig í hættu. Þau klifra óæskilega hátt upp í tré, þau hjóla á ofsahraða niður brekkur og leika sér á hættulegum stöðum. Þau storka einnig dauðanum með því að segja hvert öðru óhugnalegar sögur um drauga og vampírur á kaldhæðnislegan hátt. Þau hlæja upp í opið geðið á dauðanum til að sannfæra sig um að þau hafi eigið líf í hendi sér. Þessi hegðun heldur áfram á unglingsárunum en tekur þá á sig ýktari og jafnframt hættulegri mynd. Þá daðra þau við dauðann með því að keyra of hratt, fíkta við eiturylf og sýna almennt kæruleysi (Sigurður Pálsson, 1998).

## **Unglingar (tólf til níttján ára)**

### **Vitsmunaproski unglunga**

Á þessu skeiði verða börn kynþroska og ganga því í gegnum allan þann þroska og breytingar sem honum fylgja. Líkaminn breytist mikið á þessum tíma og því er

mikið hormónaflæði sem veldur miklum skapsveiflum. G. Stanley Hall, sem var uppi á 19. öldinni, fjallaði mikið um þroskaferli barna. Hann lýsti þessu skeiði sem tímabili „storm and stress” þar sem mikið tilfingaflæði á sér stað og unglingarnir eiga oft erfitt með sig, eiga það til að rifast og skammast af litlu tilefni og þunglyndi er algengast á þessu skeiði. Hall sagði að fyrir þetta stig væri siðferði, tilfinningar og trúarskoðanir barna fremur óþroskaðar en að það breyttist eftir að á unglingsaldurinn væri komið. Þá hugsa þau og finna til á nýjan hátt og að hans mati eru einstaklingar á þessum aldri meira skapandi en nokkurn tímann á lífsleiðinni (Lightfoot o.fl 2009).

Piaget kallar þennan aldurshóp stig formlegra aðgerða vegna þess að hugsunarháttur barna verður formlegri og skipulagðari. Til dæmis eiga þau tiltölulega auðvelt með að hugsa um allar mögulegu útkomur einhvers verkefnis á skipulagðan hátt. Raunveruleikinn hamlar hugsunarhætti unglunga mun minna en barna. Til dæmis ef við myndum segja við ungling: „Segjum sem svo að fjaðrir séu mjög þungar. Hvað mundi þá gerast ef ég henti fjöður í rúðu?” væri hann líklegur til að svara því að rúðan myndi brotna. Barn undir 12 ára aldri ætti ekki auðvelt með ímynda sér heim þar sem fjaðrir eru þungar því það er svo fjarstæðukennt og ólíkt þeim heimi sem það þekkir (Lightfoot o.fl 2009). Unglingar tala um dauðann á óhlutstæðari hátt en börn og lýsa oft eðli og eiginleikum dauðans á táknrænan og trúarlegan hátt sem styður við kenningar Piagets (Yang og Chen, 2002 og Tamm og Granqvist, 1995).

### **Hugsanir unglunga um dauðann**

Hugsunarháttur unglunga er ekki eins háður raunveruleikanum og áður og það gerir þeim kleift að líta á dauðann sem óformlegan. Dauðinn er ekki lengur einhver óhugnarlegur karl heldur náttúrulögmál sem allir þurfa að líta. Þau eru ekki lengur ringluð varðandi dauðann, þau hafa náð fullum skilningi á fjórum þáttum dauðans og hafa tekið þá í sátt. Áður fyrr veltu þau fyrir sér hvernig fólk kæmist úr jörðinni til himna og efuðust ekki um að þau færu til himna ef foreldrar þeirra sögðu þeim það. Þau gerðu sér mismunandi skoðanir á því sem allar voru þó mjög hlutbundnar, eins og að engill eða risastór hönd kæmi og sækti þau. Unglingurinn sér þetta ekki svona, hann trúir kannski á himnaríki og að sálin leyiti þangað eftir

að hún yfirgefur líkamann en hann veit að hann mun ekki sjá engil sækja þá látnu ef hann fær sér göngutúr í kirkjugarðinum (Knowles og Reeves, 1983).

Illene og Lloyd Noppe (1997) gerðu rannsókn með 95 unglingum á aldrinum 13 til 23 þar sem skilningur þeirra og skoðanir á dauðanum var rannsakaður. Þau skiptu unglingum upp í þrjá aldurshópa eftir skólastigum þeirra. Niðurstöður þeirra leiddu í ljós að yngstu unglingarnir (13 til 16 ára) töluðu ekki um dauðann, hvorki við vini sína né foreldra en þau veltu honum mikið fyrir sér í einrúmi. Algengustu áhyggjur þeirra um dauðann voru hvernig fólk myndi taka því ef þau skyldu deyja og hvað tæki við eftir dauða þeirra. Þau lýstu dauðanum sem aðskilnaði. Þau höfðu náð þeim skilningi sem þau höfðu ekki þegar þau voru yngri að þessi aðskilnaður er endanlegur. Þau vissu að þegar einhver deyr snýr hann ekki aftur, að minnsta kosti ekki í sama formi og áður en veltu þó mikið fyrir sér hvort hægt væri að snúa aftur í einhverskonar nýju formi sem andi eða með endurholgun. Eldri unglingarnir (17 til 19 ára) höfðu meiri reynslu af dauðanum en þau yngri og töluðu meira um dauðann og þá helst við vini sína. Þau veltu einnig eftirlífinu mikið fyrir sér og voru mjög efins um hvað tæki við eða hvort nokkuð tæki við yfir höfuð. Þau sem trúðu á einhverskonar líf eftir dauðann voru ólíklegri til að taka þátt í áhættuhegðun. Þessi hópur unglunga lýsti áhyggjum af dauðanum sem yngri unglingarnir höfðu ekki, eins og að þau næðu ekki að uppfylla væntingar sínar í lífinu, að þau næðu ekki að gera allt sem þau langaði til að gera eða að þau næðu ekki að skilja nógu mikið eftir sig. Þessi hugsunarháttur er algengur hjá fullorðnum. Það sést meðal annars á því að í minningargreinum er gjarnan minnst á að orðstírinn lifi þó manneskjan deyji (Gunnar Finnbogasson 2011). Hugsanir elstu unglunga (19-23 ára) snérust fyrst og fremst um eftirlífið og voru þau ekki eins efins og yngri unglingarnir í þeim efnum. Helstu áhyggjur þeirra varðandi dauðann voru að þau næðu ekki skilja nógu mikið eftir sig og að þau þyrftu að skiljast við ástvini sína (Noppe og Noppe, 1997).

### **Sjálfhverfa unglunga**

Hér að ofan kom fram hversu sjálfhverf leikskólabörn eru. Þau túlka heiminn algjörlega út frá sjálfum sér og eru sannfærð um að þau séu mikilvægustu manneskjur á jörðinni. Donald W. Knowles og Nancy Reeves (1983) vilja halda því

fram að þetta einkenni sjáist einnig hjá unglingum en þó í talvert þroskaðari mynd. Unglingar eru djúpt sokknir í það flókna verkefni að móta sitt eigið sjálf og búa sér til lífsviðhorf. Þar spilar viðhorf þeirra til dauðans stórt hlutverk (Knowles og Reeves, 1983). Þeir velja dauðanum fyrir sér og spyrja sig spurninga á við: „Hvers vegna lifi ég?” eða: „Hvers vegna þarf ég að deyja?” Þau glíma við spurningar af þessu tagi hvert á sinn hátt og reyna að finna svör sem þau eru sátt við eða sætta sig við engin svör. Þessi glíma er gífurlega mikilvægur partur af þroskaferli unglingsins. Uppalendur þurfa að taka unglunga alvarlega í hugleiðingum þeirra, gefa þeim gaum og virða þær. Fáir unglingurinn ekki þá aðstoð sem hann þarf til að móta heilbriggt lífsviðhorf eru líkur á að hann upplifi þunglyndi, tilgangsleysi eða vonleysi (Sigurður Pálsson, 1998).

Vegna þess hversu sjálfhverfir unglingar eru verða fyrstu hugsanir þeirra við missi oft: „Hvað þýðir þetta fyrir mig?” Þessi hugsunarháttur er ekki óeðlilegur sérstaklega við missi foreldris eða umönnunaraðila. En unglingar hafa áhyggjur af því hvernig missirinn hefur áhrif á stöðu þeirra í jafningjahópnum því eins og fram hefur komið eru þau að móta sitt eigið sjálf og vilja falla inn í hópinn. Við missi hafa þau áhyggjur af því að litið verði á þau vorkunnaraugum og að þau muni standa út úr sem eitthvert grey og það verði komið örðuvísi fram við þau (Knowles og Reeves, 1983). Þau gera oft lítið úr missinum þegar þau eru meðal jafnaldra því það þykir ekki töff að syrgja (Tuzeo-Jarolmen, 2007).

Alvarlega veikir unglingar lýsa líka sjálfhverfum áhyggjum sem eru ekki eins algeng hjá börnum og fullorðnum. Þeir hafa miklar áhyggjur af útlitsbreytingum sínum í kjölfar sjúkdómsins. Sem dæmi sagði veikur sextán ára einstaklingur: „Ég vil frekar deyja en að missa hárið.” (Knowles og Reeves, 1983)

Líkaminn breytist mikið á þessum tíma og unglingurinn verður mjög var um sig. Til dæmis gæti hann verið óánægður með eitthvað í fari sínu eftir breytingar líkamans, til að mynda graftarbólur. Unglingar búa sér til það sem kallað hefur verið „ímyndaðir áhorfendur” og eru viss um að allir taki eftir bólunum þeirra og séu jafn óánægðir með þær og hann. Þeim finnst að slæmir hlutir komi aðeins fyrir annað fólk, það lendir í atvinnuleysi og slysum en framtíð þeirra sjálfra er björt. Þeir hafa þó náð þeim þroska að þau vita að slæmir hlutir henda alla en leiða það hjá sér. Unglingar tengja dauða og elli þó ekki sé jafnaugljóst samasemmerki þar á



milli og þegar þau voru í grunnskóla. Þau gefa því lítinn gaum þegar einhver sem er ekki nálægur þeim deyr en það tekur oft mikið á þau að missa vin eða jafnaldra því það ógnar hugmyndum þeirra um hve fjarlægur dauðinn er. Fyrir þeim er dauðinn eitthvað sem hendir gamalt fólk en þau sjálf eru ung og ódauðleg (Knowles og Reeves, 1983).

### **Trú á guð og hið yfirnáttúrulega**

Eins og fram hefur komið eru unglingsárin sá tími þar sem fólk mótar sitt eigið sjálf og stór partur af því er að ákveða hvaða trú þau vilja tileinka sér. Þau velta Guði mikið fyrir sér á þessu skeiði og þeim hugsunum fylgja hugsanir um dauðann og eftirlífið. Hver trú felur í sér svör við stórum spurningum sem við höfum öll spurt okkur eins og: „Hvaðan komum við?“, „Hvað eigum við að gera hérna?“ og síðast en ekki síst: „Hvert förum við eftir að við deyjum?“ Við veljum okkur síðan okkar trú eftir því hver þeirra bíður upp á svörin sem okkur finnst best. Oftast tileinkar fólk sér þá trú sem það ólst upp í en aðrir aðhyllast aðra trú, móta sína eigin trú eða ákveða að tileinka sér trúleysi. Á fjórtánda aldursárinu ákveða íslenskir unglingar hvort þeir staðfesta skírni sína með því að fermast og tileinka sér kristni. Breski uppeldisfræðingurinn Ronald Goldman taldi fermingaraldirinn sérstaklega merkilegan aldurshóp hvað varðar trúarlega hugsun. Hér er unglundurinn kominn á skeið formlegra aðgerða og óhlutbundin og gagnrýnin hugsun einkennir þann aldur og gerir honum kleift að skilja betur óhlutbundin hugtök og gagnrýna þau. Það má segja að það sé grundvallarskilyrði til þess að geta almennilega tekið afstöðu til trúnnar (Sigurður Pálsson, 2001).

Þegar unglingar móta sitt eigið sjálf leitast þeir við að skilja hvað er raunverulegt og hvað er tilbúningur. Hugsanir um Guð skipta þar miklu máli en það er einnig mjög algengt að unglingar hafi brennandi áhuga á fleiri yfirnáttúrulegum verum sem tengjast dauðanum eins og draugum, vampírum og uppvakningum (Decuir-Gunby og Tagsold, 2012). Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að unglingar eru talsvert líklegri til þess að trúa á yfirnáttúruleg fyrirbæri en aðrir aldurshópar. En í flestum rannsóknum á þessu efni trúir um helmingur þáttakenda á unglingsaldri á drauga og örlögin. Þessi trú virðist aðeins aukast með aldrinum,

Það er að segja eldri unglingarnir voru líklegri til þess að trúá en þeir yngri (Francis, Robbins og Williams, 2007).

## Niðurstöður

Niðurstöður mínar eru þær að skilningur á dauðanum felist í því að skilja að það er alltaf eitthvað líkamlegt sem veldur dauðanum og þegar það gerist virkar líkaminn ekki auk þess sem dauðinn er óhjákvæmilegur og endanlegur. Þegar börn hafa náð þessum þáttum og sjá dauðann sem óhlutstæðan hafa þau náð skilningi á dauðanum (Speece, 1995).

Smábörn sjá líf og dauða ekki endilega sem andstæður. Þau halda að hlutir geti verið mislifandi og fyrir þeim býr allt í umhverfi þeirra yfir lífi og því hafa þau mjög takmarkaðan skilning á dauðanum (Schonfeld, 2010 og Knowles og Reeves, 1983). Með aldrinum skilja þau meira og meira. Þau öðlast þennan skilning ekki bara með auknum heilaproska heldur einnig með reynslu sinni. Fyrsta dauðatengda reynsla okkar er af svefni og aðskilnaði og börn sem eru undir þriggja ára aldri eða þar um bil gera ekki greinarmun á svefni og dauða. Þegar þau afla sér fleiri dauðatengdra upplýsinga í gegnum barnaefni eða með því að rannsaka dáið dýr, helst skordýr, skilja þau smám saman að dauði og svefn eða aðskilnaður er ekki sama fyrirbærið (Lonetto, 1980 og Knowles og Reeves, 1983). Börn gera sér þeim mun fyrr grein fyrir þessu sem þau öðlast meiri dauðatengda reynslu, en börn sem hafa upplifað missi, verið við dauðans dýr eða búið við stríðsástand hafa betri dauðaskilning en jafnaldrar þeirra sem ekki hafa slíka reynslu (Bonoti, Leondari og Mastora, 2013 og O'Halloran og Altmaier, 1996).

Það sem einkennir svör leikskólabarna þegar þau eru spurð út í dauðann er að þau sjá hann ekki sem endanlegan. Þau lýsa honum frekar sem einföldum aðskilnaði eins og að sá látni sé sofandi, sé í felum, farinn í ferðalag eða hafi verið rænt. Einnig er það algengt að börn á leikskólaaldri haldi því fram að dauðinn sé ástand sem hægt sé að lækna með einhverskonar meðferð; lyfjum, sprautum, mat eða jafnvel með því að setja þann látna í bað (Lonetto, 1980 og Speece og Brent, 1984). Einnig gera þau sér ekki grein fyrir því að dáiinn líkami virkar ekki og halda að öll líkamleg geta og þarfir fólks haldi áfram eftir dauðann. Almennur skilningur

leikskólabarna er sá að eini munurinn á þeim lifandi og þeim látnu sé sá að þeir séu aðskildir og þeir látnu hafi þurft að fara á einhvern framandi stað en þessi aðskilnaður sé ekki endilega til eilífdar (Lonetto, 1980). Sú trú sem barnið er alið upp í mótar sýn barnsins af þessum framandi stað og flest sjá fyrir sér góðan stað eða einhvers konar paradís (Sigurður Pálsson, 2001).

Það er merkilegt að meðal barna á aldrinum sex til níu ára eða þar um bil er mjög algengt að þau búi sér til sinn eigin persónugerving fyrir dauðann. Þetta hefur komið fram í rannsóknum, gömlum og nýjum, með börnum víðsvegar um heiminn og virðist því vera eitthvað almennt í þroskaferli barnsins. Þau nota þennan persónugerving í leikjum sínum og teikningum í þeim tilgangi að móta skilning sinn og einnig til þess að hlífa sér fyrir frekari ótta. Þau hugsa mikið um dauðann á þessum árum og dauðaskilningi þeirra fer mikið fram í kjölfarið á því en ótti við dauðann nær einnig hámarki (Knowles og Reeves, 1983). Þau reyna að sannfæra sig um eigin dauðleika með því að leika sér í hættulegum leikjum og gera grín að dauðanum (Sigurður Pálsson, 2001). En það að gera dauðann að persónu þýðir að hægt er að flýja hann eða jafnvel tortíma honum og fyrir þeim er það ákveðin huggun. Dauðinn er ennþá aðskilnaður þó mörg börn hafi gert sér grein fyrir því að hann sé endanlegur (Speece og Brent, 1984). Núna líta þau svo á að dauðinn sé persóna sem nemur fólk á brott. Þau tengja einnig elli og dauða sterkt saman, þau telja að aldraðir eða veikir einstaklingar séu ekki jafnfærir líkamlega um að flýja dauðann og þess vegna séu þau hans helstu fórnarlömb (Grollman, 1990, Knowles og Reeves, 1983, Lonetto, 1980 og Tamm og Granqvist, 1995).

Á milli níu og tólf ára aldurs tekur dauðaskilningurinn stökk og það má segja að skilningur þeirra fullmótist á þeim tíma. Í þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á þessu efni geta flest níu ára börn gert grein fyrir fjórum eiginleikum dauðans og taka eigin dauðleika í sátt (Lonetto, 1980 og Knowles og Reeves, 1983). Tíu, ellefu og tólf ára börn gera sér ennþá betur grein fyrir eiginleikum dauðans og með aldrinum sjá þau hann skýrar sem óhlutstæðan. Með aldrinum verða þau uppteknari bæði að hinni drungalegu hlið dauðans og trúarlegu hliðinni (Lonetto, 1980, Sigurður Pálsson, 1998 og Tamm og Granqvist, 1995).

Unglingar sjá dauðann sem óhlutstætt náttúrulögmál eða ferli sem allir þurfa að fylgja. Helstu hugsanir og áhyggjur þeirra varðandi dauðann snúast um að þau

nái ekki uppfylla væntingar sínar til lífsins og geti ekki skilið eftir sig þann orðstír sem þau vilja (Noppe og Noppe, 1997). Unglingar velja dauðanum mikið fyrir sér í trúarlegu samhengi og þá sérstaklega í sambandi við eftirlífið eða tilgang lífsins. Þessar hugsanir eru mikilvægar fyrir þroskaferli unglingsins (Sigurður Pálsson, 2001). Einnig fá margir unglingsmenn brennandi áhuga á fleiri yfirnáttúrulegum fyrirbærum sem tengjast dauðanum t.d. draugum, vampírum og uppvakningum, en unglingsmenn eru marktækt líklegri til þess að trúa á slík fyrirbæri en aðrir aldurshópar (Decuir-Gunby og Tagsold, 2012 og Francis, Robbins og Williams, 2007).

Nokkur munur hefur fundist á sýn og skilningi barna eftir trú þeirra og bakgrunni. Börn sem alast upp í trúleysi sýna t.d. minni skilning en börn sem alast upp við kristni eða búddisma (Yang og Cheng, 2006). Kapólsk börn tengja dauða ekki jafnstærkt við elli og börn almennt sem tengja dauða og elli svo sterkt saman að þau vilja jafnvel meina að aðeins gamalt fólk sé fært um að deyja (Knowles og Reeves, 1983, Speece og Brent, 1984). Þau tengja hann sterkar við trúna og þarafleiðandi eru þau síður líkleg til að óttast hann (Lonetto, 1980 og Knowles og Reeves, 1983). Mér vitanlega hefur efnið ekki verið rannsakað með börnum á Íslandi. Ég tel þó að það sé vel hægt að tengja þessar niðurstöður við íslensk börn þar sem ég hef tekið fyrir rannsóknir á börnum af líku þjóðerni; s.s. sænsku og ensku. Auk þess er sá munur sem fundist hefur á börnum af mismunandi þjóðerni ekki svo marktækur að þau nái ekki öll sama skilningi á svipuðum aldri eða á milli níu og tólf ára aldurs.

## Lokaorð

Viðfangsefnið valdi ég vegna þess að mér fannst hugsunarferli barna áhugavert og mig langaði til að fræðast betur um einn þátt þess, upplifun og skilning á dauðanum. Óhætt er að segja að það hafi ég gert með þessari athugun. Við skrif þessarar ritgerðar hef ég litið á greinar og rannsóknir frá fjölbreyttum stöðum skrifaðar með yfir 50 ára millibili. Niðurstöðurnar eru áþekkar í þeim öllum; börn læra um dauðann með reynslunni, dauðum skordýrum og sögum. Þau skilja síðan að dauði og líf eru andstæður og dauðinn er eitthvað sem hendur alla. Þegar þau eru komin í grunnskóla, þá þæla þau mikið í hugtakinu, leika sér með það og búa til persónugervingu þess. Hún virðist hjálpa þeim að skilja dauðann. Unglingar

hafa fullan skilning á hverju dauðinn felur í sér en þeirra dauðleiki er spilar stórt hlutverk í sjálfsmótuninni sem á sér stað á aldrinum.

Vissulega hefði ég getað kastað heimildanetinu enn víðar, en mér þykir ólíklegt að nokkuð gjörólíkt hefði komið fram. Skilningur barna á dauðanum virðist bundinn við þroskaferli þeirra og þróast á sama hátt hjá flestum börnum. Þó virðist meiri reynsla af dauðanum geta flýtt fyrir skilningnum. Ég held því að ferli barna að öðlast skilning á dauðanum sé bundnara heilabroska og líffræðilegum þáttum en menningu. Þar sem niðurstöður mínar sýna fram á að skilningur á dauðanum sé fremur algilt ferli, tel ég með nokkurri vissu að hægt væri að yfirfæra niðurstöðurnar á íslensk börn, þó efnið hafi ekki verið rannsakað með börnum á Íslandi. Þó væri áhugavert að rannsaka þau sérstaklega, ef aðeins til staðfestingar á þessu. Deila má þó um hve nauðsynleg slík rannsókn væri, nema þá til samanburðar við börn með einhverja sérstaka reynslu eða bakgrunn.

## Heimildaskrá

- Battro. A. M. (1973). *Piaget: Dictionary of terms*. New York: Pergamon Press Inc.
- Bonoti. F., Leondari. A. og Mastora. A. (2013). Exploring children's understanding of death: through drawings and the death concept questionnaire. *Death studies*, 37(1), 47-60. [doi:10.1080/07481187.2011.623216](https://doi.org/10.1080/07481187.2011.623216)
- Cox, M., Garrett, E. og Graham, J. A. (2005). Death in Disney films: Implications for children's understanding of death. *Omega-Journal of Death and Dying*, 50(4), 267-280. [Sótt af: https://www.ualberta.ca/~jenny/PDFs/16913954.pdf](https://www.ualberta.ca/~jenny/PDFs/16913954.pdf)
- Decuir-Gunby J. og Tagsold J.T. (2012). Using Twilight to Examine Adolescent Development. *The Journal of Effective Teaching an online journal devoted to teaching excellence*, 12(3), 87-93. [Sótt af: http://uncw.edu/cte/ET/articles/Vol12\\_3/Volume1203.pdf](http://uncw.edu/cte/ET/articles/Vol12_3/Volume1203.pdf)
- Francis L. J., Robbins M. og Williams E. (2007) Personality and Paranormal Belief: A Study Among Adolescents. *Pastoral Psychology*, 56(1), 9-14. [doi:10.1007/s11089-007-0094-x](https://doi.org/10.1007/s11089-007-0094-x)
- Greenberg. J. (1996). Seeing children through tragedy: My mother died today – when is she coming back? *Young children*, 51(6), 76-77
- Grollman. E. A. (1990). *Talking about death: A dialouge between parent and child*. (3. útgáfa). Boston: Beacon Press.
- Gunnar Finnbogason. (1998). *Áföll í nemendahópnum. Sorgin hefur mörg andlit*. Reykjavík: Gunnar Finnbogason.
- Kastenbaum. R. og Aisenberg. R. B. (1972). *The Psychology of Death*. New York: Springer Publishing Co.
- Knowles D. W. Og Reeves. N. (1983). *But won't granny need her socks? Dealing effectively with childrens concern about death and dying*. Dubuque, Iowa: Kendall/Hunt Publishing Company.
- Lightfoot, C., Cole M. og Cole S.R. (2009). *The Development of Children*. (6. útgáfa). New York: Worth Publishers.
- Lonetto. R. (1980). *Childrens Conception of Death*. New York: Springer Publishing Company, Inc.

- Maurer, A. (1966). Maturation of concepts of death. *British journal of genetic psychology*, 39(1), 35-41. [doi:10.1111/j.2044-8341.1966.tb00969.x](https://doi.org/10.1111/j.2044-8341.1966.tb00969.x)
- Mayer, R. E. (1977). *Thinking an problem solving: An introduction to human cognition and learning*. Glenview: Scott, Foresman and company.
- Noppe, I. C. og Noppe, L. D. (1997). Evolving meanings of death during early, middle, and later adolescence. *Death Studies*, 21(3), 253-275. [doi:10.1080/074811897201967](https://doi.org/10.1080/074811897201967)
- O'Halloran, C., & Altmaier, E. (1996). Awareness of death among children: Does a life-threatening illness alter the process of discovery? *Journal of Counseling and Development*, 74(3), 259–262. [doi:10.1002/j.1556-6676.1996.tb01862.x](https://doi.org/10.1002/j.1556-6676.1996.tb01862.x)
- Sig. Júlíus Jóhannesson. (1984). *Gleraugun hans afa. Á Óli Prik [hljóðdiskur]*. Reykjavík: Magnús Þór Sigmundsson.
- Sigurður Pálsson (2001). *Börn og trú*. Reykjavík: Skálholtsútgáfan.
- Sigurður Pálsson (1998). *Börn og sorg*. Reykjavík: Skálholtsútgáfan.
- Speece, M. W. (1995). Children's concept of death. *Michigan family review*, 1(1), 57-69. [Sótt af: http://hdl.handle.net/2027/spo.4919087.0001.107](http://hdl.handle.net/2027/spo.4919087.0001.107)
- Speece, M. W. og Brent, S. B. (1984). Childrens understanding of death - A review of 3 components of a death concept. *Child Development*, 55(5), 1671-1686. [doi:10.1111/j.1467-8624.1984.tb00410.x](https://doi.org/10.1111/j.1467-8624.1984.tb00410.x)
- Tamm M. E. og Granqvist A. (1995). The meaning of death for children and adolescents - A phenomenographic study of drawings. *Death Studies*, 19(3), 203-222. [doi:10.1080/07481189508252726](https://doi.org/10.1080/07481189508252726)
- Tuzeo-Jarolmen, J. (2007). *When a family pet dies: A guide to dealing with children's loss*. London: Jessica Kingsley Publishers.
- Yang S. C. og Chen S. F. (2002). A phenomenographic approach to the meaning of death: A Chinese perspective. *Death Studies*, 26(2), 143-175. [doi:10.1080/074811802753455253](https://doi.org/10.1080/074811802753455253)
- Yang, S. C. og Chen, S. F. (2006). Content analysis of free-response narratives to personal meanings of death among Chinese children and adolescents. *Death Studies*, 30(3), 217-241. [doi:10.1080/07481180500493385](https://doi.org/10.1080/07481180500493385)